

Óskað hefur verið eftir umsógn mennta- og menningarmálaráðuneytis um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal (193. mál 146 löggjafarþings, 2016-2017, þingskjal 264).

Ráðuneytið hefur á undanförunum áratugum gert ýmislegt til að halda minningu Jónasar Hallgrímssonar á lofti, en að tillögu menntamálaráðherra ákvað ríkisstjórn Íslands haustið 1995 að 16. nóvember, fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, yrði ár hvert dagur íslenskrar tungu. Dagur íslenskrar tungu var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996, og í gegnum árin hafa fjölmargir aðilar lagt hönd á plóg og efnt til viðburða af þessu tilefni. Má þar nefna fjölmiðla, skóla, stofnanir og félög. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hélt hátíðarsamkomu árið 1996 og veitti þar í fyrsta sinn Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskunnar. Dagur íslenskrar tungu hefur verið haldinn hátíðlegur árlega með svipuðu sniði og sífellt fleiri aðilar taka virkan þátt í honum með ýmsu móti. Dagur íslenskrar tungu er opinber fánadagur, og hinn 16. nóvember skal draga fána á stöng á húsum opinberra stofnana, sem eru í umsjá valdsmanna eða sérstakra forstöðumanna ríkisins, sbr. 2. gr. forsetaúrskurðar um fánadaga og fánatíma nr. 5/1991.

- Þá stóð ráðuneytið fyrir veglegri menningarhátíð í tilefni tveggja alda minningar Jónasar Hallgrímssonar árið 2007.

Vegna fyrirbyggjandi tillögu er rétt að benda á að jörðin Hraun í Öxnadal var friðlýst af umhverfisráðherra árið 2007 sem fólkvangur. Tilgangur friðlýsingarinnar var að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu, en verndargildi svæðisins byggir á því að landslag og náttúrufar, sérstaklega jarðmyndanir, er mjög fjölbreytt. Eigandi jarðarinnar, menningarfélagið Hraun í Öxnadal ehf., er í meirihlutaeigu Hörgársveitar, og því má ætla að sveitarfélagið beri sérstaka skyldu til að hlúa að starfsemi félagsins og fólkvangsins.

Með vísan til ofangreindra atriða telur ráðuneytið eðlilegra að í tillögunni væri lagt til að Alþingi ályktaði að fela mennta- og menningarmálaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra umrætt verkefni, m.a. í samvinnu við Hörgársveit og jarðeiganda.

Þá telur ráðuneytið að í tillögu að fjármálaáætlun 2018-2022 sé ekki svigrúm innan fyrirhugaðra fjárheimilda á þessu tímabili til að efna til samninga um fjármögnun og framkvæmd umfangsmikillar uppbyggingarinnar nýrra verkefna af því tagi sem hér er lagt til. Það er í höndum Alþingis að tryggja að slíkar fjárheimildir verði fyrir hendi, verði þessi tillaga til þingsályktunar samþykkt.

F.h. ráðherra
e.u.

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir